

**35. fundur Skipulags,bygginga,umhverfis og samgöngunefndar haldinn  
Fundarsalur Álftavers,  
Fimmtudaginn 29. júní 2023, kl. 17:00.**

**Fundinn sátu:**

Anna Lind Ragnarsdóttir, Hulda Gunnarsdóttir, Bragi Þór Thoroddsen, Kjartan Geir Karlsson og Jóhann Birkir Helgason.

**Fundargerð ritaði: Jóhann Birkir Helgason, .**

**1. Lúpína - 2306010**

Tekið fyrir erindi sveitarstjóra er varðar Lúpínu og Kerfil í sveitarfélaginu.

*Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd leggur til við sveitarstjórn að hemja útbreiðslu Lúpínu sunnan megin við Eyrardalsá.*

*Samþykkt*

**2. Landeignamál við Aðalgötu - 2306009**

Tekin fyrir tölvupóstur frá Hauki Árna Hermannssyni fh. Vegagerðarinnar dags. 26.06.2023 er varðar upplýsingar um landeigendur við Aðalgötu. Vegagerðin stefnir á að móta vegrás ofan við veginn.

*Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd bendir á umrætt svæði fer um Dalbæ L141507, Saura L220698 og lönd Súðavíkurhrepps.*

*Samþykkt*

Anna Lind víkur af fundi

**3. Heitir og kaldir pottar við Súðavíkurskóla - 2306005**

Tekinn fyrir tölvupóstur frá Önnu Lind Ragnarsdóttur og Guðmundi Birgi Ragnarssyni dags. 21.06.2023 er varðar heitan og kaldan pott ásamt saunaklefa ofan við skólann.

*Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd tekur jákvætt í erindið og leggur til við sveitarstjórn að vinna málið áfram og láta vinna kostnaðaráætlun fyrir framkvæmdirnar.*

*Samþykkt*

Anna Lind kemur inn á fund

**4. Vatnsleysi í Hveravík - 2306007**

Tekinn fyrir tölvupóstur frá Rúnari Brynjólfssyni fyrir hönd Margrétar G Karlsdóttur dags. 13.06.2023 er varðar vatnsleysi í Hveravík.

*Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd bendir á að hreppurinn útvegar*

*ekki neysluvatn fyrir sumarhús eða önnur hús í dreifbýli. Húseigendur í dreifbýli sjá sjálfir um neysluvatn.*

*Samþykkt*

**5. Deiliskipulag í Reykjanesi - 2202003**

Tekið fyrir bréf frá Innviðaráðuneytinu dags. 22. júní 2023 er varðar ósk Súðavíkurhrepps um undanþágu frá skipulagsreglugerð vegna fjarlægðar bygginga frá vötnum, ám og sjó.

*Lagt fram til kynningar.*

*Samþykkt*

Anna Lind víkur af fundi

**6. Ákabúð, fráveitumál - 2306011**

Tekið fyrir erindi frá fasteignaeiganda er varðar fráveitumál frá Ákabúð.

*Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd felur sveitarstjóra að leita eftir frekari upplýsingum um málið.*

*Samþykkt*

Anna Lind kemur inn á fund

**7. Styrktarsjóður EBÍ 2023 - 2306003**

Tekið fyrir bréf frá Eignarhaldsfélaginu Brunabótafélag Íslands dags 13. júní 2023 er varðar úthlutun úr Styrktarsjóði EBÍ 2023.

Súðavíkurhreppur var úthlutað kr. 700.000,- vegna verkefnisins „Göngustígur ofan Súðavíkur“.

*Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd leggur til við sveitarstjórn að hefja vinnu við gerð göngustíga ofan byggðar í samræmi við styrkumsókn.*

*Samþykkt*

**8. Erindi vegna framkvæmda við Aðalgötu í Súðavík - 2305003**

Tekið fyrir bréf frá Önnu Lind Ragnarsdóttur dags. 31. maí 2023 er varðar framkvæmdir við bílastæði í tröðinni.

*Lagt fram til kynningar.*

*Samþykkt*

**9. Strengleið, Svarthamar - Hattardalur - 2306012**

Tekinn fyrir tölvupóstur frá Helga Karli Guðmundssyni dags. 26.06.2023 fyrir hönd Orkubús Vestfjarða þar sem sótt er um leyfi til að leggja rafstreng frá Svarthamri í Hattardal.

*Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd leggur til við sveitarstjórn að heimila framkvæmdaleyfi með fyrirvara um leyfi landeiganda.*

*Nenfdin felur byggingarfulltrúa að óska eftir betri gögnum áður en framkvæmdaleyfið verður veitt.*

*Samþykkt*

**10. Gönguleið ofan Raggagarðs - 2206004**

Tekinn fyrir að nýju tölvupóstur frá Vilborgu Arnarsdóttur dags. 02.08.2022 er varðar afdrif rósarunnans við Raggagarð.

*Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd gerir ekki athugasemd við að runninn verði fjarlægður.*

*Samþykkt*

Fundi slitið kl. 18:30.

  
\_\_\_\_\_  
Anna Lind Ragnarsdóttir

  
\_\_\_\_\_  
Hulda Gunnarsdóttir

  
\_\_\_\_\_  
Bragi Þór Thoroddsen

  
\_\_\_\_\_  
Kjartan Geir Karlsson

  
\_\_\_\_\_  
Jóhann Birkir Helgason

